

GJALDSKRÁ

fyrir kattahald í þéttbýli Rangárþings eystra.

1. gr.

Skrá skal alla ketti í þéttbýli Rangárþings eystra skv. 3. mgr. 2. gr. samþykktar um kattahald í Rangárþingi eystra. Skráningargjald skal vera kr. 2.500 og greiðast við skráningu.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 8. gr. sömu samþykktar skal vera kr. 2.500 í fyrsta skipti en síðan hækkar það í kr. 5.000 ef til handsömunar kemur aftur innan sex mánaða frá fyrri handsömun.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra með vísun til heimildar í samþykkt nr. 155/2006 um kattahald í Rangárþingi eystra frá 10. febrúar 2006. Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 13. mars 2009.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Ágúst Ingi Ólafsson skrifstofustjóri.

B-deild – Útgáfud.: 3. apríl 2009